

## IV. OPNUNARGJALD

87

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun, kr. 20.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi enduropnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 20.00 gjald á skrifstofu rafveitunnar.

11. júní

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í I. kafla þessarar gjaldskrár um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda sé breytingin auglýst í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast þegar í stað gildi, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnumálaráðuneytið, 11. júní 1955.*

**Steingrímur Steinþórsson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

## SAMÞYKKT

88

um fuglaveiði í Grímsey.

13. júní

1. Svartfugl (álku, stuttnefju, langvíu) er heimilt að veiða á snörufleka í Grímsey, á tímabilinu frá 15. maí til 20. júní.
2. Heimild þessi er bundin því skilyrði, að aldrei séu flekar yfirgefnir næturlangt.
3. Að aldrei sé einstakur fugl (bandingi) notaður til að lokka aðra fugla að flekunum.
4. Að fylgt sé þeirri reglu, sem tíðkæzt hefur, að fara eigi lengra frá flekunum en svo, að til þeirra sjáist, svo að unnt sé að hirða fuglinn jafnóðum og hann festist, að svo miklu leyti sem unnt er.
5. Brot gegn samþykkt þessari varða sektum, samkvæmt 33. gr. fuglafriðunarlaganna, nr. 63 frá 22. apríl 1954.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir til 1. marz 1956.

*Menntamálaráðuneytið, 13. júní 1955.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Birgir Thorlacius.*